

Langhlaupanefnd FRÍ

Dagsetning: 23.júlí 2025

Staðsetning: Google meet

Tímasetning: 16:10

Fundarmenn: Inga Dís , Sonja, Friðleifur sem skrifaði fundargerð.

1. Fjölskylduhlaup TM og FRÍ á Akureyri í 7. sept. Soffía með mjög flottan undirbúnig og allt komið í góðan farveg. Stefnir í flottan og skemmtilegan viðburð.
2. Meistaramót í 10.000m á braut. Hlaupið verður 14.ágúst á ÍR vellinum. Soffía ýtir á eftir Exton, Friðleifur ath með matarvagn. Opna fyrir skráningu sem fyrst og senda sérstaklega póst á sterkustu hlauparana.
3. Rauðavatn Ultra, Meistaramót í 100km hlaupi. Verður haldið laugardaginn 9.ágúst, er FRÍ vottað og IAU Bronze label hlaup. Jafnframt keppt í 24-12-6-3 tíma hlaupi að fyrirmynd IAU.
4. Meistarmót í maraþoni fer fram í keppnishluta Reykjavíkurmaraþons en ÍBR á eftir að sækja um vottun á viðburðinn. Núna eru sléttir 30 dagar í hlaupið. Skrifstofa vinsamlega beðin um að ýta á ÍBR varðandi vottunar-umsókn. Jafnframt þarf að koma til ÍBR ábendingum varðandi ræsingu því það verða einar 6 ræsingar á viðburðinum. Þessar ábendingar eru í vinnslu hjá dómara úr Miðnæturhlaupinu en þar var einnig tvískipt ræsing í hverri vegalengd og það þarf að skerpa á þessari framkvæmd.
5. Fundarmenn ræddu hlutverk Langhlaupanefndar. Upphaflega var lagt upp með að nefndin væri ráðgefandi handa FRÍ varðandi hlaupamál, en á síðustu árum hafa fjölmörg verkefni einfaldlega endað á borði nefndarinnar þ.e. skipulag viðburða, skrif reglna og greinagerða o.s.frv.. Nefndarmenn eru duglegir en e.t.v má skerpa aðeins á hlutverkinu í samráði við skrifstofu og stjórn.

Fleira ekki tekið fyrir.